

Mál nr. 238/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Slysátrygging launþega og ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Ágreiningur um málsatvik. Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 11. ágúst 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. ágúst 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti er á því byggt að 25. júlí 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Er atvikinu nánar lýst með þeim hætti að M hafi verið að vinna við málmsuðu þegar hann hafi fallið ofan í gryfju í gólfinu. Hafi verið búið að setja dokaplötur yfir gryfjuna til að koma í veg fyrir að starfsfólk félli ofan í hana. Platan hafi hins vegar ekki verið nægjanleg föst. Hafi slysið orðið er M tók skref og laus dokaplata gaf sig með framangreindum afleiðingum. Við slysið hafi M hlotið áverka á bak og hné og strax orðið óvinnufær. Þá hafi hann strax leitað til læknis úr af slysinu. Í málskotinu kemur einnig fram að M hafi tilkynnt yfirmanni og eiganda X um slysið á slysdegi.

Byggir M á því að hann eigi bótarétt annars vegar úr slysátryggingu launþega og hins vegar úr ábyrgðartryggingu þar sem X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Þá kemur fram í málskoti að 20. maí 2025 hafi V hafnað framangreindum kröfum M. M sem getur ekki sætt sig við þá niðurstöðu, enda liggi fyrir að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi 25. júlí 2023, fer fram á það að nefndin staðfesti bótarétt hans bæði úr slysátryggingu launþega og ábyrgðartryggingu sem X er með hjá V. Hvað varðar kröfu um skaðabætur þá byggir M á að frágangi gryfjunnar hafi verið ábótavant, þ.e. ekki í samræmi við lög og reglur. Þá hafi platan yfir gryfjunni verið laus. Telur M að ef platan hefði verið nægjanlega föst hefði slysið aldrei orðið. Þá bendir M m.a. á að ríkar skyldur hvíli á vinnuveitanda að tryggja öryggi starfsmanna. Telur M að aðstæður á vinnustað í umrætt sinn hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er sérstaklega bent á 13. og 37. gr. þeirra laga. Þá er einnig vísað til 1., 2. og 4. mgr. 3. gr., og 6. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Til viðbótar vísar M í nánar tilgreind ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 máli sínu til stuðnings. Auk framangreinds bendir M á að slysið hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins nokkuð sem M telur að eigi að leiða til þess að leggja beri frásögn M af málsatvikum til grundvallar í málinu. Vísar M í Hrd. í máli nr. 272/2008 því til frekari stuðnings.

Í málskoti mótmælir M sérstaklega þeim rökum V að ósannað sé að M hafi slasast með þeim hætti sem hann byggir á. Í því sambandi bendir M á að hann hafi tilkynnt slysið strax til yfirmanns og trúnaðarmanns hjá X, auk þess sem hann hafi tilkynnt eiganda X um slysið og áverka sína í tölvupósti á slysdegi. Í þeirri tilkynningu komi fram að hann hafi dottið ofan í gryfjuna og orðið fyrir líkamstjóni. Er á því byggt að þessi samtímagögn sanni að M hafi orði fyrir slysi með þeim hætti sem hann byggir á. Auk þessa bendir M á að fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn staðfesti frásögn hans.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 11. ágúst 2025, er því hafnað að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem m.a. er lýst í málskoti. Máli sínu til frekari stuðnings bendir V á að í það liggi fyrir yfirlýsing frá fjórum samstarfsmönnum M, þar sem skýrt komi fram að enginn á verkstæðinu hafi séð M detta þrátt fyrir að fjórir aðrir starfsmenn hafi verið í sama rými á þeim tíma. Þá komi þar fram að áður en M fór í hádegismat með konu sinni þennan umrædda dag hafi hann ekki minnt einu orði á að hann hafi orðið fyrir slysi þennan morgun. Hann hafi aðeins nefnt það að hann væri stirður í baki eftir að hafa bogað við rafsúðu. V telur því ósannað að M hafi orðið fyrir vinnuslysi þennan tiltekna dag. Þessu til viðbótar bendir V á að á þeim stað sem M segist hafi dottið ofan í gryfjuna séu ekki dokaplötur heldur þverbitar sem geti með engu móti hafa sporðreists. V hafnar því bótaskyldu úr tryggingunum tveimur þar sem M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 25. ágúst 2025, eru m.a. fyrri rök M ítrekuð og rökum V mótmælt. Þá er sérstaklega bent á að M hafi tilkynnt öryggistrúnaðarmanni um slysið. Hafi umræddur aðili hins vegar brugðist við þeirri tilkynningu með gríni. Hafi þetta átt sér stað rétt fyrir hádegishlé á slysdegi og

hafi eiginkona M þá verið komin til að sækja hann. Þá hafnar M því einnig að hann hafi gengist við því að hafa sagt ósatt í tölupósti til eiganda X á slysdegi.

Álit.

M telur sig eiga bótarétt úr slysaftryggingu launþega og ábyrgðartryggingu. Hann ber því sönnunarbyrði um að skilyrði bótaréttar séu uppfyllt, þar með talið að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi með þeim hætti sem hann byggir á. Þessu til viðbótar liggur fyrir að til þess að hægt sé að fallast á skaðabótakröfuna í þessu máli þarf M auk framangreinds að sýna fram á að tjón hans megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að gegn eindreginni neitun V og X, hafi M ekki tekist að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi með þeim hætti sem hann byggir málatilbúnað sinn á. Í þessu sambandi bendir nefndin sérstaklega á að í málinu liggur fyrir undirrituð yfirlýsing fjögurra samstarfsmanna M þess efnis að þeir kannist ekki við að M hafi slasast í vinnu sinni hjá X. M á því hvorki rétt til bóta úr slysaftryggingu launþega né ábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega né ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir